



Úthérað Ein sveit – okkar sveit

Kynning á íbúakönnun, íbúáþingi og framtíðarsýn

Árni Jón Þórðarson
Davíð Þór Sigurðarson
Laufey Ólafsdóttir
María Guðbjörg Guðmundsdóttir

Niðurstaða íbúakönnunar



Um könnun

- Þessi könnun var lögð fyrir alla íbúa Úthéraðs en með því er átt við íbúa og/eða jarða-/húseigendur Eiðapinghár, Hjaltastaðapinghár, Hróarstungu og Jökulsárhlíðar.
- Tilgangur hennar var að greina tækifæri á svæðinu með það markmið að efla byggð á Úthéraði. Könnunin verður nýtt sem vinnugagn við undirbúning og framkvæmd verkefnisins Brothættra byggða sem Byggðastofnun hefur haldið utan um með verkefnisstjórum víða um land.
- Könnunin var opin frá 10.júlí til 15.ágúst. Könnunin var rafræn en einnig var hægt að nálgast pappíreintök hjá Austurbrú á Egilsstöðum og aðilum verkefnishóp sem myndaður var og þeim skilað á pappírformi til hópsins eða Austurbrúar.




Bakgrunnur

Úthérað

Ein sveit – okkar sveit!




Kyn og uppruni



- Af þeim sem tóku þátt í könnuninni voru konur 56% og karlar 44%.
- Alls voru 98% af íslenskum uppruna og 2% af erlendum uppruna.




Aldursdreifing



- Alls voru 53% þátttakenda eldri en 50 ára og 47% voru yngri.
- Flestir þátttakendur voru á aldersbilinu 60 til 69 ára og 30 til 39 ára eða samanlagt 48% af heildarfjölda þeirra sem svöruðu.




Menntun



Menntunarstig er hátt í sveitum úthéraðs



Atvinna




Meirihluti svarenda sjálfstætt starfandi
Verkefnahópur metur það sem svo að
frumkvæði og sjálfstæði til staðar




Hver er þín atvinna?


Landbúnaður að sjálfsgöðu í meirihluta, en tæp 20% svarenda er í frumkvöðlastarfssemi og nýsköpun. Það þykir verkefnahóp jákvætt og ályktar að hægt sé að virkja þennan hóp sérstaklega svæðinu til framdráttar




Hve lengi sér þú fyrir að búa á úthéraði?



Hve mikið dvelur þú á Úthéraði?



Félagsstarf – ég tek þátt í eftirfarandi



Mikil gróska í félagsstarfsemi, verkefnahópur metur það þannig að íbúar úthéraðs séu þá einnig líklegir til að taka þátt í frampróun svæðisins með verkefnahóp


Íbúapróun

Úthérað

Ein sveit – okkar sveit!




Íbúapróun á Úthéraði



Íbúafjöldi stefnir greinilega niður á við



Íbúapróun á Úthéraði eftir svæðum




Íbúum úthéraðs er að fækka að meðaltali um 1 í hverri sveit á hverju ári. Hröðust er fækkunin í Jökulsárhlíð, miðað við að þessar forsendur verður Jökulsárhlíð komin í eyði eftir 40 ár.




Aldursamsetning á Úthéraði 2022

■ Kona ■ Karl



Íbúafjöldi Úthéraðs 2022



- Þegar skoðaður er íbúafjöldi á Úthéraði eftir svæðum kemur í ljós að 34% eru búsett í Eiðapinghá, 26% eru búsettir í Hróarstungu, 21% í Jökulsárhlíð og 19% búa í Hjaltarstaðapinghá.

Flestir eru búsettir í þeim sveitum sem næst liggja Egilsstöðum




Þjónusta

Úthérað

Ein sveit – okkar sveit!




Mikilvægi og gæði þjónustu á Úthéraði




- Mikilvægasta þjónustan á Úthéraði er snjómokstur, bæði frá Vegagerðinni og sveitarfélaginu. En er greinilega ábótavant
- Þjónustu við eldri borgara og börn er einnig talsvert ábótavant.

Mikilvægi og gæði þjónustu eftir sveitunum


Eiðapinghá




Hróarstunga




Hjaltastaðarpinghá



Jökulsárhlíð




Hvaða þjónustu finnst þér vanta í þína heimasveit?



Þetta var opin spurning þar sem fólk gat fyllt inn það sem því datt í hug eða var því mikilvægast.




Hve ánægð(ur) ert þú með þjónustu sveitarfélagsins Múlaþings varðandi Úthérað?



Svarendur gáfu Múlaþingi ekki háa einkunn, meirihluti er óánægður með móttöku og úrlausn erinda, sem og viðhaldi mannvirkja sveitafélagsins



Hverjar eru helstu ástæður þess að þú gerir þér ferð til þéttbýlisstaðar?



Eðlilega eiga íbúar oft erindi í kaupstað vegna matvöruverslunnar og atvinnu. En mikið álag virðist vera á foreldrum á Úthéraði, en meira en helmingur þarf oft að gera sér ferð vegna tómsunda og skólasókn barna sinna


Búsetugæði

Úthérað

Ein sveit - okkar sveit!




Sérkenni úthéraðs




Mikið af stöðum sem hægt er að markaðssetja sem aðdráttarafl



Framboð á menningarviðburðum



Menningar- og félagslíf




- Meðaltalsskor af spurningunni um framboð á menningarviðburðum á Úthéraði reyndist vera 28 af 100 mögulegum og staðalfrávik 25. Framboð á menningarviðburðum fær því 3 í einkunn af 10 mögulegum.
- Meðaltalsskor af spurningunni um menningar- og félagslíf á Úthéraði reyndist vera 32 stig af 100 mögulegum og staðalfrávik 26. Menningar- og félagslíf á Úthéraði fær því 3 í einkunn af 10 mögulegum.

Hér er sóknarfæri, svarendur gefa menningarlífinu á Úthéraði 3 í einkunn af 10 mögulegum.
Hér getum við bætt okkur




Atvinnulíf



75% meta atvinnulífið á
Úthéraði fullt af tækifærum


Atvinna og atvinnutækifæri



Meira en helmingur svarendur upplifir
þó ekki atvinnuöryggi, og ekki séu næg
né fjölbreytt atvinnutækifæri á svæðinu



Ég vil gjarnan búa á Úthéraði af því að...



- Annað sem var nefnt:
 - Umhverfið er aðlaðandi
 - Gott samfélag
 - Sjálfbært samfélag



Innviðir


Úthérað

Ein sveit - okkar sveit!



Mikilvægi og staða innviða

Það er ljóst að við erum að glíma við vanda vörðandi framboð á húsnæði og jörðum
Þjónusta vega er almennt ónóg, vöntun á þriggja fasa rafmagn



Framtíðarhorfur


Úthérað

Ein sveit - okkar sveit



FRAMTÍÐARHORFUR ÚTHÉRAÐS

■ Ólíklegt (0-4) ■ Hvorki ólíklegt né líklegt (5) ■ Líklegt (6-10)



Mikill meirihluti sammála um að úthéraðið verði eftirsóttur áfangastaður ferðamanna


• Annað sem var nefnt:

- Með góðri samheldni þá eru horfur góðar.
- Framtíðarhorfur Úthéraðs byggjast á samheldni og stuðningi, þá ekki síst frá sveitarstjórninni.
- Mikilvægt að allir hafi aðgengi að hitaveitu og ódýru rafmagni.
- Finna leiðir til að laða ungt fólk til að setjast hér að.
- Finna fleiri leiðir til að laða ferðafólk hér að, en hér leynast margar náttúruperlur.
- Íbúum fækkar stöðugt vegna þess að landbúnaður hefur dregist verulega saman og fítt komið í staðinn.
- Skógrækt og úrvinnsla viðarafurða ætti að koma sterk inn á næstu árum.
- Hér er flott nátturuverndarsvæði.
- Með framsýni, samstarfsvilja og áhuga íbúa væri hægt að láta úthérað blómstra.



Mikill meirihluti svarenda er fylgjandi fjölgun ferðamanna og uppbyggingu fyrir ferðamenn

Afstaða til eftirfarandi málefna



Tæp 80 % svarenda vilja hafa ábúðarkvöð á jörðum Úthéraðs



Íbúáping í Brúarás skóla

Haldið 27 ágúst 2022



Um þingið

- Dagskrá íbúafingsins var sett saman af íbúum í upphafi þingsins
- Fundað var um 11 málefni
- Að loknum fundum var niðurstaða íbúafingsins fyrir eflingu byggðarinnar sem hér segir



Samgöngumál (157 stig)

Skólaakstur

- Að börnum verði ekki meina að taka vini heim með skólabíl.
 - Mikilvægur þáttur í þroska barna að leika við önnur börn

Verkefnahópur bendir á að skólaakstur væri hægt að nýta sem almenningssamgöngur, til að styrkja byggð á úthéraði.

Ákall um almenningssamgöngur í dreifbýli

„Sveitafélagið þarf að koma til móts við foreldra í akstri vegna tómstunda og íþróttar svo öll börn hafi tækifæri, óháð búsetu. Börn sem eiga langt að sækja íþróttir eða tómstundir hafa minni tækifæri til að stunda þær vegna fjarlægðar (tekur langan tíma fyrir foreldra að skutla og sækja, plús það ef foreldrar eigi fleiri)“



Samgöngumál (157 stig) frh

Snjómokstur

Margir benda á að tengivegir séu seint mokaður á daginn sem veldur vandræðum fyrir þá sem sækja vinnu í þéttbýlið og akstur barna í skóla

- Auka þarf gæði og skoða forgangsröðun í snjómosktri
- Fá fleiri verktaka í snjóruðningin
 - Mætti ráða íbúa sveitanna sem verktaka til að moka tengivegina og fá þannig um leið atvinnutækifæri fyrir íbúa úthéraðs
 - Fleiri verktakar myndu þýða minni bið og meira svæði yrði rutt á skemri tíma

Það er ekki aðlaðandi fyrir fólk að setjast að á úthéraði ef það heyrir að hér sé bara stundum og illa rutt að vetri til.



Ferðapjónusta (60 stig)

- Miklir möguleikar í ferðapjónustunni
- Markaðsetja svæðið s.s. skiltagerð með QR kóðum
- Stofna markaðsráð og hjálpast að við að koma hvort öðru á framfæri
- Auka afþreyingu á svæðinu, búa til okkar „gullna hring“
 - Heildstæð sýning um svæðið – Félagsheimilin geti orðið miðstöðvar
 - Sögutengd ferðapjónusta
 - Heimsóknir á sveitabæina
 - Leiðsögn um náttúruperlur og gönguleiðir
- Aðgengi að salernum er ábótavant



Orkumál (42 stig)

- Hraða þarf uppbyggingu þriggja fasa rafmagns
- Það er grundvöllurinn ef einhver iðnaðarstarfssemi á að vera möguleg í sveitunum og framþróun í landbúnaði

Þriggja fasa rafmagn er víða ekki á dagskrá fyrr en seint og síðar meir, t.d. í Jökulsárhlíð, ekki fyrr en árið 2030



Skipulagsmál (30 stig)

- Þátttakendur á þinginu höfðu áhyggjur af land sé selt til skógræktar, iðnaðar eða hreinlega úr landi til erlendra auðmanna án ábúðarkvaðar - **ef engin ábúðarkvöð er tæmast sveitirnar smám saman**
- Margar jarðir eru einnig illa hirtar, ónýtar byggingar og sóðaskapur. Þyrftu að vera einhverjar skyldur á jarðareigendum.
- Einnig hörmuðu þátttakendur að sveitafélagið kynnti ekki fyrir íbúum Úthéraðs þegar ætti að breyta ásýnd lands í næsta nágrenni
 - S.s. Orkuöflun, skógrækt, iðnaðarlóðir o.s.frv



Fjölskyldu og skólamál

Það þarf að þróa fjölskyldustefnu sérstaklega fyrir fólk í dreifbýli

Verkefnahópur bendir á að í æskulýðsstefnu Fljótaldalshéraðs (nú Múlaþings) er hvatt til þess að auka aðgengni barna að íþróttum og tómstundum sem forvarnaskref, aðferðirnar sem Múlaþing ætlar að beita til að ná þessu markmiði er að bjóða fríar almenningssamgöngur. En þær virðast bara vera í boði í þéttbýli og ekki hugsað hvernig skuli auka aðgengi barna í dreifbýli að íþróttum og tómstundum.

Verkefnahópur veltir fyrir sér hvort ekki megi koma til móts við börn í dreifbýli með einni ferð síðla dags þar sem lagt yrði upp frá íþróttahúsinu

- Þátttakendur höfðu áhyggjur af Brúarásskóla þar sem mikil fækkun er fyrir séð á næstu árum – það þarf að grípa í taumana strax, ljóst er að jaðarbyggðir eiga undir högg að sækja muni Brúarásskóli leggjast af, vegna fjarlægðar frá næsta skóla



Nýsköpun og starfstækifæri (19 stig)

- Félagsheimilin – vannýtt auðlind
 - Sýningar
 - Vottuð eldhús – veitingasala, matvælaframleiðsla
 - Fjarvinnustörf
 - Námsver
 - Rannóknaraðastaða
 - Upplýsingamiðstöðvar



Sauðfjárvarnir, síma- og netsamband (10 stig)

- Tryggja þarf farsímasamband allsstaðar af öryggisástæðum.
 - Búið er að aftengja heimasímanna, ef slys kemur uppá verður að vera hægt að hringja eftir hjálp
- Landsvirkjun lofaði að tryggja öryggi íbúa sem búa neðan við kárahnjúkavirkjun – þeir þurfa að standa fyrir bættu símasambandi á því svæði
- Viðhaldi á sauðfjárveikivarnarlínum er ábótavant
 - Vöntun pípuhliða og pípuhlið séu mörg orðin ónýt og sprengi dekk vegfarenda
 - Girðingar þurfi viðhald



Sorphirða (7 stig)

- Ákall um safngám í nærumhverfinu
 - Plast, pappa, járn, timbur og fl

Verkefnahópurinn bendir á að þeir sem búa í dreifbýlinu eru flestir að stunda vinnu þar, það fellur því til meira rusl en á venjulegu heimili, það myndi hjálpa til við að halda sveitinni snyrtilegri ef auðvelt væri að koma ruslinu rétta leið.



Hverjar eru raunverulegar niðurstöðurnar?

1. Við þurfum að fjölga íbúum á svæðinu
2. Við þurfum að auka framboð á húsnæði/jörðum til heilsársbúsetu
3. Við þurfum að bæta innviðarþjónustu

Þetta verkefni getur orðið fordæmi fyrir sveitir í sömu stöðu



Tillögur verkefnahóps

Árni Jón Þórðarson
Davíð Þór Sigurðarson
Laufey Ólafsdóttir
María Guðbjörg Guðmundsdóttir



Stofnað verði félag sem heldur utan um verkefni Úthéraðs

- Verkefnið verði til 5 ára
- Markmið félagsins
 - Fjölga íbúum
 - Styrkja innviði / umhverfi og ásýnd
 - Skapa störf á svæðinu
- Í stjórn félagsins sitji einn úr hverri sveit
- Félagið njóti styrkja frá sveitafélaginu og aðstoðar hjá Austurbrú til að sækja styrki víðar
 - Styrkur sveitarfélags verði 2 milljónir á ári, samtals 10 milljónir
- Félagið veiti minni styrki úr sjóðum sínum til verkefna á svæðinu sem styðja við markmið félagsins
- Félagið haldi aðalfund árlega (með heimafólki) og skili ársskýrslu til sveitafélagsins og annarra hagaðila
- Félagið haldi utan um og standi fyrir verkefnum sem tengist öllu svæðinu í heild
 - Svo sem skiltagerð til markaðssetningar svæðisins sem ferðamannasvæðis
- Félagið geri ástandskönnun (svipaða þeirra sem þegar hefur verið framkvæmd) að 5 árum liðnum til að meta raunverulegan ávinning verkefnisins
 - Sjáist mælanlegur árangur er hægt að nýta þessi gögn öðrum sveitum til framdráttar



Félagið sé miðja framgangs á úthéraði

